


Greinargerð með ársreikningi 2008


Inngangur

Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga.

Rekstrartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar námu 617 milljónum króna á árinu 2008. Rekstrartekjur voru því 49 milljónum yfir áætlun, en rekstraráætlun gerði ráð fyrir 569 mkr. tekjum. Álagningarhlutfall útsvars var fullnýtt, 13,03%, en álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,45% vegna íbúðarhúsnæðis en lögbundið hámark er 0,5%. Álagningarhlutfall vegna atvinnuhúsnæðis og opinbers húsnæðis var fullnýtt, 1,32%.




Rekstrarniðurstaða samkvæmt samstæðureikningi er neikvæð um kr. 116 milljónir króna, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu að fjárhæð 128 mkr. Gríðarlegur fjármagnskostnaður skýrir mikinn rekstrarhalla. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hefur hækkað úr 54 mkr. kostnaði á árinu 2007 í 169 mkr. árið 2008, eða um 115 mkr.. Eigið fé bæjarfélagsins var neikvætt í árslok um kr. 179 mkr. en þar af var eigið fé A hluta jákvætt um kr. 125 milljónir króna.




Rekstur

Skatttekjur ársins 2008 hafa hækkað umfram vísitölu neysluverðs sem er afar jákvætt. Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs eru 44 mkr. hærri en árið á undan og framlög jöfnunarsjóðs eru 23 mkr. hærri en árið 2007. Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar eru 5 mkr. yfir áætlun.


Mikil breyting til hins betra hefur orðið á veltufé frá rekstri. Veltufé frá rekstri segir til um hvort sveitarfélagið getur staðið við langtímaskuldbindingar þ.e. greitt af lánum sínum og / eða fjárfest án þess að auka við skuldir sínar. Algjör viðsnúningur hefur orðið í þessari lykilstærð frá árinu 2007 þegar veltufé var neikvætt um 12 mkr.. Á árinu 2008 var veltufé frá rekstri jákvætt um 46 mkr. og er því um 58 mkr bata að ræða. Afborganir langtímalána voru 102 mkr. á árinu 2008 þannig að enn vantar á í rekstrinum til þess að sveitarfélagið geti staðið við sínar skuldbindingar.



Í fjárhagsáætlun ársins 2009 eru sett fram markmið sem miða að því að ná saman endum í rekstri sveitarfélagsins. Ef þær áætlanir ganga eftir þá mun sveitarfélagið hafa nægilegt veltufé frá rekstri til að geta staðið við sínar skuldbindingar og hætt að safna skuldum.



Rekstrarafkoma án lífeyrisskuldbindinga, óreglulegra liða s.s. eignasölu, afskrifta og fjármagnskostnaðar hefur batnað frá árinu 2007 um 79 mkr. Þetta kemur m.a. til af því að tekjur eru að aukast meira en nemur vísitölu á meðan t.d. laun í fræðslumálum hækka minna en launavísitala.



Framkvæmdir - fjárfesting 2008



Á árinu 2008 fjárfesti sveitarfélagið í endurbyggingu félagsheimilisins fyrir 123,7 milljónir króna sem skiptist þannig að 116 m voru greiðslur til verktaka en 8 m voru til hönnuða og verkeftirlits. Þá var fjárfest í breytingum á húsnæði í Lambhaga vegna leikskólans fyrir 4,2 milljónir. Fjárfest var í snjóflóðavörnum fyrir 20,3 milljónir. Lokið var við byggingu dæluhúss ofl. fyrir Vatnsveituna fyrir 0,9 mkr. Þá var fjárfest í yfirbyggingu á svölum fyrir 2,9 mkr. Fjárfestingar Hafnarsjóðs voru 23 mkr. vegna stálþils en áætlun gerði ráð fyrir 13 mkr. Mismunurinn skýrist að mestu af framlagi Hafnabótasjóðs sem nú er komið til greiðslu. Heildarfjárfestingar sveitarfélagsins á árinu námu því 176 mkr. Afborganir langtímalána námu 102 mkr. en


sveitarfélagið tók ný langtímalán að upphæð 101 mkr. Þá jukust skammtímaskuldir sveitarfélagsins um 132 mkr. frá árinu 2007.

Hafnarsjóður

Landað var ríflega níuþúsund tonnum af þorski, ýsu og steinbít um Bolungarvíkurhöfn á árinu 2008. aukning frá árinu 2007 var 615 tonn eða 7,25%. Tekjur hafnarinnar jukust hinsvegar um 19,36% eða um 6,3 mkr. Rekstrargjöld hafnarinnar minnkuðu á milli ára um tæp 9% án afskrifta og fjármagnskostnaðar, en hann hækkaði hinsvegar um 90% á milli ára.



Bolungarvíkurhöfn hefur verið rekin með hagnaði undanfarin ár ef frá er skilið árið 2005 þegar höfnin var rekin með 2 mkr. tapi. Hagnaður ársins 2008 er 4,7 mkr.






Vatnsveita


Tekjur Vatnsveitunnar jukust um 3,5 mkr. á árinu eða 19%. Rekstrarkostnaður lækkar um 1,5 mkr en afskriftir og fjármagnskostnaður aukast um 8,3 mkr. eða 80%. Niðurstaðan er því tap sem nemur 11 mkr.







Fráveita



Tap fráveitunnar á árinu 2008 er 4,1 mkr.. Fjármagnskostnaðurinn er 8 mkr. Þ.a. fráveitan skilar hagnaði fyrir fjármagnskostnað.






Félagslegar íbúðir

Á undanförunum árum hefur talsverður fjöldi eigna verið seldar út úr félagslega íbúðakerfinu og hafa því leigutekjur lækkað. Rekstrarkostnaður hefur einnig lækkað en fjármagnskostnaður vaxið gríðarlega og er á árinu 2008 nálægt 75 mkr.




Íbúðalánasjóður hefur á árinu 2009 aflétt skuldum af félagslega íbúðakerfinu að upphæð 73 mkr og fryst lán að upphæð 73 mkr. í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Bolungarvíkurkaupstaðar. Þetta mun skila sér í lægri fjármagnskostnaði á árinu 2009.



Efnahagur

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins aukast úr 960 mkr. í 1.195 mkr. á árinu 2008, en nettóskuldir aukast úr 846 mkr. í 1.069 mkr. eða um 223 mkr. Fastafjármunir hækka á sama tíma úr 783 mkr í 891 mkr. eða um 108 mkr.



Niðurlag

Því verkefni sem bæjarstjórn hefur sett sér að koma rekstrinum í viðunandi horf á árinu 2010 er hvergi nærri lokið. Eins og sést þegar fjármagnsgjöldin eru skoðuð sem hlutfall af tekjum sérstaklega í B-hluta sjóðum þá þarf að ná niður skuldum bæjarfélagsins. Það mun líka skipta bæjarfélagið miklu máli hvernig verðbólgan þróast á næstu mánuðum og árum, en hún hefur auðvitað mikil áhrif á fjármagnsgjöldin.

Ef horft er framhjá fjármagnskostnaði lífeyrisskuldbindingum og óreglulegum tekjum og gjöldum þá er reksturinn á árinu 2008 þrátt fyrir allt að sýna 79 mkr. betri niðurstöðu en árið á undan og veltufé frá rekstri að aukast um 58 mkr., sem auðvitað eru ótvíræð batamerki. En betur má ef duga skal og því þurfa bæjarstjórn og stjórnendur bæjarfélagsins að róa að því öllum árum að auka tekjur bæjarfélagsins og draga úr kostnaði eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Bolungarvík 11. maí 2009
Elías Jónatansson